

# Fundargerð



## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Flóaljós – Lagning á ljósleiðara  
1.2. **Dagsetning:** 5. október 2018 **Fundartími:** 9:00  
1.3. **Staður:** Þingborg  
1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson  
1.5. **Mættir:** Eydís Indriðadóttir (EI), Hrafnkell Guðnason (HG), Sævar Eiríksson (SE), Guðmundur Daníelsson (GD), Sigurjón Hallvarðsson (SH), Sævar Geir Hallvarðsson (SGH), Hörður Davíðsson (HD), Böðvar Pétursson (BP).

## 2. Dagskrá

---

- Útboðsgögn og helstu atriði sem snúa að þeim.
- Umfang verksins, landfræðileg lega og kerfistilhögun.
- Daglegt vinnulag, skýrsluhald og frágangur áfanga.
- Umfang áfanga verksins í samræmi við nákvæmari verkáætlun.
- Afhending á efni til verksins og meðferð þess á meðan á verktíma stendur.
- Tímasetning reglulegra verkfunda.
- Önnur mál er varða efni fundarins.

## 3. Umræður

---

- Farið var yfir útboðsgögn í heild sinni til þess að tryggja sameiginlegan skilning á þeim. Áhersla var lögð á þá þætti sem hafa aukna þýðingu í átt að farsælu verkefni. Ekki komu fram athugasemdir við útboðsgögn. SH spurðist fyrir um hvort að heimilað yrði að vinna í fleiri áföngum en tveimur t.d. við undirbúning á tengistöðum. Umræður spunnust um málið. Ákveðið var að unnið yrði skv. útboðsgögnum og leitast við að taktur allra verkþátt fylgdist að. Ef upp kæmu málefnaleg tilefni til þess að hnika út frá þessu yrði það tekið fyrir á verkfundi. GD áréttaði við verktaka að þeir kynntu sér vandlega gögnin, bæði þá þætti sem snúa að verklegum framkvæmdum og einnig þá sem snúa að aðbúnaði, upplýsingagjöf, lögum og reglum, samskiptum við hagsmunaaðila svo sem vegagerð og veitustofnanir, það sem snýr að öryggismálum og undirbúningi verksins.
- Lagnaleiðir voru kynntar umfram það sem fram kemur í útboðsgögnum. Verktaki óskaði eftir landfræðilegri yfirlitsmynd þar sem áfangar koma gróft fram. GD útbýr. Tengimiðja kerfisins verður á Þingborg. GD áréttaði við verktaka að kynna sér vel áfangaskiptingu verksins.
- SE fór yfir daglegt verklag við skýrsluhald. Verktaki skilar dagskýrslum til SE. Uppgjör hvers áfanga fyrir sig verður skv. ákvæðum í útboðsgögnum.
- Farið var yfir verkáætlun verktaka. GD lagði til að útbúin yrði nákvæmari verkáætlun í betra samhengi við umfang áfanganna. SH útbýr slíka áætlun og leggur fram á næsta verkfundi.
- Afhending á efni fer fram næstu daga, gámar streyma til landsins með rörum og strengjum ásamt öðru efni sem til þarf. SH þarf að ákveða afhendingastað og koma upplýsingum til GD. Áréttað voru ákvæði útboðsgagna varðandi ábyrgð verktaka á því efni sem honum er afhent hverju sinni. SH sagði að strengir yrðu geymdir innandyra og hugsanlega rör og annað efni til verksins einnig.
- Ákveðið var að halda verkfundi annan hvern miðvikudag klukkan 13:00 að Þingborg. Annar verkfundur verður haldinn miðvikudaginn 17. október. GD tók fram að verkfundagerðir yrðu gerðar opinberar á vefsíðu Flóaljóss eftir samþykktarferli fundamanna.
- GD sagði frá fyrirhuguðum fundi með Vegagerðinni mánudaginn 8. október. Í kjölfar þess fundar myndu mikilvæg atriði skýrast sem snúa að Vegagerðinni.
- Annað ekki rætt og fundi slitið.



## ***4. Niðurstaða / Næstu skref***

---

- 4.1. GD Útbúa landfræðilega yfirlitsmynd skv. áfangaskiptingu verksins.
- 4.2. SH útbýr nákvæmari verkáætlun.
- 4.3. SH upplýsir um afhendingastað efnis til verksins.